



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Berist til forstöðumanna.

Reykjavík 13. október 2022

Efni: Innleiðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Sem aðili að Barnasáttmálanum, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, ber íslenska ríkinu að gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnýslu til að réttindi þau sem viðurkennd eru í sáttmálanum komi til framkvæmda, en kveðið er á um það í 4. gr. sáttmálans.

Samkvæmt lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna, ber umboðsmanni barna að stuðla að því að Barnasáttmálinn sé virtur og vinna að því að tryggja þátttöku barna í allri stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum barna hjá ríki og sveitarfélögum.

Áframhaldandi innleiðing Barnasáttmálans er viðvarandi verkefni sem krefst þess að allar stofnanir sem aðkomu hafa að málefnum barna með einum eða öðrum hætti eða vinna að málefnum sem börn láta sig varða, vinni að því að bæta aðgengi barna að þjónustu og upplýsingum og tryggi nauðsynlega þátttöku þeirra í ákvarðanatöku og stefnumótun þar sem við á. Umboðsmaður barna hyggst því afla upplýsinga um þær aðgerðir sem ráðuneyti og stofnanir hafa gripið til í því skyni að innleiða Barnasáttmálann í starfsemi sinni, til þess að unnt sé að leggja mat á stöðu innleiðingar sáttmálans og þörfina á frekari aðgerðum.

Þess er því farið á leit að stofnunin geri grein fyrir þeim ráðstöfunum sem gripið hefur verið til og sem miða að því að innleiða Barnasáttmálann í starfseminni með því að svara rafrænni könnun á meðfylgjandi hlekk. Má þar sem dæmi nefna kynningarstarf fyrir börn, aðgengi að barnvænum upplýsingum á t.d. heimasíðu, aðgerðir sem miða að því að gera húsnaði eða þjónustu viðkomandi

stofnunar aðgengilegri fyrir börn, þær leiðir sem farnar hafa verið í samráði við börn, upplýsingar um fræðslu til starfsmanna um réttindi barna og Barnasáttmálann og þjálfun starfsmanna í að vinna með og eiga í samskiptum við börn og hvort stofnunin leggi sérstaklega mat á áhrif tillagna, breytinga eða annarra aðgerða á börn.

Embætti umboðsmanns barna hyggst gera grein fyrir niðurstöðunum í skýrslu og þá verður niðurstöðunum fylgt eftir með frekari könnunum á næstu árum til þess að fylgjast með framþróuninni.

Tekið skal fram að samkvæmt 5. gr. laga um umboðsmann barna er stjórnvöldum skylt, þrátt fyrir þagnarskyldu, að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Þess er óskað að svar við ofangreindri könnun berist embætti umboðsmanns barna ekki síðar en 15. nóvember. Embættið er reiðubúið að aðstoða stofnanir við að leggja mat á innleiðingu barnasáttmálans og/eða veita starfsmönnum fræðslu um inntak hans.

Með góðri kveðju,



Guðrún Bolladóttir,
settur umboðsmaður barna